

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23 DES. 2008
54.23
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2008
Tilvísun: UST20080800115/lbh

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnессýslu og Flóahrepps dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinagerð með deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks kemur fram að meginbreyting deiliskipulagsins er vegna frárennslis. Talið er að ekki gangi upp að hafa sameiginlegar frárennslislagnir fyrir frístundabyggðina vegna landslags og langra lagnaleiða en ekki gerð nánari grein fyrir þeirri afstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveit og skólp skal gert ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi m.a. þar sem um er að ræða frístundabyggð. Stofnunin vill einnig benda á 4. grein í frumvarpi til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem liggar nú fyrir Alþingi (þskj. 230). Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélagið skuli sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkni. Þar segir enn fremur hægt er að beita öðrum lausnum ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning. Stofnunin telur eðlilegt að sýnt verði fram á að kostnaður við sameiginlega fráveitu sé óhóflega mikill miðað við hreinsivirkni fyrir hverja lóð sbr. 3. mgr. 18.gr. reglugerðar nr. 798/1999.

Þar sem fyrirhuguð frístundabyggð í landi Króks er innan vatnsverndarsvæði Þingvallavatns telur stofnunin óæskilegt að hreinsivirki verði við hverja lóð eða eitt fyrir 2-3 sumarhús, ekki nema verði sýnt með óyggjandi hætti að ekki sé mögulegt að hafa sameiginlegar fráveitir.

Virðingarfyllst

Linda Björk Hallgrimsdóttir
sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun